# Ríkissafn

## Desember 2023

## Fyrir hverja

**Ríkissafn langt** er fyrir þá sem vilja fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum, þola sveiflur í ávöxtun og hyggjast ekki ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.

Lítil  Mikil



- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

* Nánar, sjá baksíðu.

## Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir í ríkisskuldabréfum með langan meðaltíma. Skuldabréfin eru að mestu leyti verðtryggð.

**Ríkissafnið** hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína í meðallöngum ríkisskuldabréfum og geta þolað sveiflur í ávöxtun. Áætlaður meðaltími safnsins er 3-8 ár og safnið fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins sem eru að hluta verðtryggð. Við bendum sjóðfélögum sem eru 58 ára og eldri og hyggjast ganga á inneign sína fljótlega að það geta verið sveiflur á gengi safnsins þar sem meðaltími þess er meðallangur. Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sveiflur í ávöxtun safnsins geta verið töluverðar þar sem meðaltími skuldabréfaeignar safnsins er meðallangur.

## Upplýsingar

| | |
|---|---|
| Stofndagur: | 13.03.2009 |
| Fjöldi sjóðfélaga: | 212 |
| Heildarstærð m.kr: | 1.360 |

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðssins er um 0,3% af meðaleignum.

## Orðsending sjóðstjóra

**Ríkissafnið** hækkaði um 1,2% í nóvember og hefur hækkað um 7,2% frá áramótum. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði í nóvember, sem þýðir hækkun á verði skuldabréfa. Verðtryggð vísitala Kauphallarinnar með 5 ára meðaltíma hækkaði um 1,7% í nóvember og hefur hækkað um 4,2% frá áramótum.

## Kennitölur og tölfræði

| | |
|---|---|
| Meðaltími skuldabréfa: | 5,5 ár |
| Staðalfrávik ávöxtunar: | 3,3% |
| 5% VaR(mán. tímabil): | -1,2% |
| Sharpe hlutfall: | 0,2 |

Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 3 ár.
Nánar um kennitölur og tölfræði, sjá baksíðu.

## Eignasamsetning

| Stærstu eignaflokkar | Eign |
|---|---|
| Verðtryggð ríkisbréf | 90,5% |
| Innlán | 6,1% |
| Óverðtryggð ríkisbréf | 3,3% |
| | 100% |

## Ávöxtun, %

| | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|---|---|---|
| Frá áramótum | 7,2% | -0,3% |
| SL 1 ár | 7,4% | -0,4% |
| SL 3 ár | 3,0% | -4,0% |
| SL 5 ár | 4,5% | -1,1% |
| SL 10 ár | 4,9% | 1,1% |
| Frá stofnun | 6,9% | 2,6% |

## Fjárfestingarstefna

| | Stefna | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | 100% | 70% | 100% |
| Innlán,laust fé | | 0% | 30% |
| Meðaltími | 5 ár | 3ár | 8 ár |

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

## Verðbréfaflokkar

| Flokkur | Vægi |
|---|---|
| Verðtryggð ríkisbréf | 93,9% |
| Innlán | 6,1% |
| | 100,0% |




## Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sími 510-2500

Fax 510-2550

almenni@almenni.is

www.almenni.is

## Gengisþróun sl. 10 ár




## Gengisþróun sl. 1 ár



## Almennar upplýsingar

**Almenni lífeyrissjóðurinn** er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

## Séreignarsjóður

**Ríkissafn langt** er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

## Um skuldara- og markaðsáhættu

**Skuldaraáhætta**

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum.

**Markaðsáhætta**

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.